

Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um heiðursviðurkenningar

1. gr. Almenn

Heiðursmerkjanefnd gerir tillögu að veitingum viðurkenninga til þeirra, sem unnið hafa að framgangi kraftlyftingaíþróttarinnar. Rétt til ábendinga um veitingu heiðursmerkja hafa einstakir stjórnarmenn KRAFT, stjórnir aðildarfélaga og nefndarmenn KRAFT. Tillögum skal fylgja nákvæm skilgreining á störfum viðkomandi og starfsferill allur innan kraftlyftingahreyfingarinnar.

2. gr. Viðurkenningar

Heiðursviðurkenningar KRAFT skiptast í eftirfarandi flokka:

Merki KRAFT, í litum, með krans.

Heimilt er að sæma þá, sem stjórn KRAFT telur að hafi til þess unnið á einn eða annan hátt.

Silfurmerki KRAFT með krans.

Merki þetta er merki KRAFT úr silfri, með krans, og má aðeins veita það að fenginni tillögu heiðursmerkjanefndar. Silfurmerki KRAFT má veita þeim, sem hafa starfað að málefnum kraftlyftinga hjá KRAFT, aðildarfélögum og dómaramálum í 10 ár hið minnsta. Þó getur stjórn KRAFT að fenginni tillögu heiðursmerkjanefndar sæmt menn silfurmerki ef sérstök ástæða þykir, án þess að 10 ára starfi sé náð. Einnig er hægt að sæma menn silfurmerki eftir langan feril sem landsliðsmaður og/eða landsliðsþjálfarar.

Gullmerki HSÍ með krans.

Merki þetta er merki KRAFT úr gulli, með krans, og má aðeins veita að fenginni tillögu heiðursmerkjanefndar. Gullmerki KRAFT má veita þeim, sem hafa starfað að málefnum kraftlyftinga hjá KRAFT, aðildarfélögum og dómaramálum í 20 ár hið minnsta. Þó getur stjórn KRAFT að fenginni tillögu heiðursmerkjanefndar sæmt menn gullmerki ef sérstök ástæða þykir, án þess að 20 ára starfi sé náð. Einnig er hægt að sæma menn **gullmerki** eftir langan feril sem landsliðsmaður og/eða landsliðsþjálfarar.

Heiðursmerki KRAFT á krossi.

Heiðursmerki KRAFT skal vera merki KRAFT, í litum KRAFT og vera á krossi. Heiðursmerki KRAFT skal veitt fyrir frábær störf í þágu kraftlyftinga á Íslandi og mega ekki fleiri en 10 manns bera merkið hverju sinni.

Afhending

Formaður stjórnar KRAFT skal að jafnaði afhenda ofangreindar heiðursviðurkenningar, en í fjarveru hans varaformaður eða framkvæmdastjóri eða aðrir þeir sem stjórn ákveður. Stjórn KRAFT skal skrá allar heiðursviðurkenningar.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands 19.ágúst 2015